



## 441. Stjórnarfundur haldinn 8. jan. 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).  
Fjarverandi Sveinn Adolfsson (SA).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar um að halda 28. Landsmót UMFÍ. *Móttekið. Umræður um hvort félagið eigi ekki í framtíðinni að huga að því að taka að sér að halda unglinga eða stóra Landsmót UMFÍ.*

Bréf frá UMFÍ v/tillagna sem samþykktar voru á samráðsfundi UMFÍ. *Móttekið og farið yfir tillögur.*

Bréf frá formanni fimleikadeildar Gunnlaugi Kárasyni v/ láns fimleikadeildar við aðalstjórn. *Móttekið. Umræður um málið og formanni og gjaldkera falið að skoða málið og koma með tillögu á næsta fundi.*

### 3. Send bréf.

Boð á hóf íþróttakarls og konu keflavíkur 2014 var sent út.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda v/aðalfunda deilda fyrir 2014.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda v/íþróttamanns Reykjanesbæjar 2014

### 4. Íþróttakarlar og kona Keflavíkur 2014.

Ástrós Brynjarsdóttir taekwondo og Kristófer Sigurðsson sundi voru útnefnd íþróttakarlar og kona Keflavíkur 2014 í hófi aðalstjórnar 29. desember 2014. Frétt komin inn á heimasíðu félagsins.

### 5. Íþróttamaður Reykjanesbæjar 2014.

Ástrós Brynjarsdóttir var kjörin íþróttamaður Reykjanesbæjar á gamlársmóti 2014.

### 6. Aðalfundur deilda Keflavíkur fyrir 2014.

Búið er að auglýsa aðalfundi deilda á heimasíðu félagsins. Fyrsti fundurinn er hjá blakdeild 19. janúar og endar á knattspyrnudeild 29. janúar. EH hvetur stjórnarmenn til að mæta á fundi hjá deildum.

### 7. Aðalfundur Keflavíkur fyrir 2014.

EH bað stjórnarmenn að fara að huga að því hvort þeir gæfu kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn félagsins. BBS og ÞMK eiga eitt ár eftir.

### 8. Önnur mál.

Leigusamningur við Reykjanesbæ vegna Hæfingarstöðvarinnar lág fyrir.

EH sagði frá því að leigusamningur v/Hringbrautar 108 væri ekki frágengin en handsalaður.

Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfarar. Athuga með að halda námskeiðin í febrúar.

BMB spurðist fyrir um styrki til deilda v/námskeiða. EH sagði að aðalstjórn hafi ekki verið að veita slíka styrki, en benti á að hægt væri að sækja um í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

BMB sagði frá því að formaður íþróttakarlar og tómsundráðs Reykjanesbæjar hafi tjáð sér að heimsókn ÞMK á fund íþróttakarlar og tómsundaráðs þar sem hann kynnti starfsemi félagsins hafi verið með glæsibrag og félaginu til sóma.

BMB sagði frá því að það væri einstaklingur sem vildi koma og skanna inn myndir félagsins. BMB er beðin að láta þennan einstakling hafa samband við framkvæmdastjóra félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:40

Næsti fundur er 22. janúar kl. 18:00

Fundinn ritaði BS.

